

**Frá:** Fræðslunefnd Dalabyggðar

**Til:** Sveitarstjórnar Dalabyggðar

**Efni:** Formlegar viðræður vegna framhaldsskóladeildar í Dalabyggð

Málsnr. 2010009

---

Haustið 2020 lét fræðslunefnd gera könnun meðal foreldra/forráðamanna barna á efsta stigi í Auðarskóla sem snéri að þörf og mögulegu fyrirkomulagi á framhaldsskóladeild í Dalabyggð. Niðurstöður könnunarinnar voru meðal annars þær að mikill meirihluti foreldra/forráðamanna hefur rætt framhaldsskólanám við börn sín (85,7%) og að meirihluti barna séu farin að huga að framhaldsskólanámi s.s. með því að skoða námsframboð (57,1%). Þá fannst meirihluta foreldra/forráðamanna framhaldsskóladeild í heimabyggð vera fýsilegur kostur (71,4%) og mikill meirihluti þátttakenda sögðust myndu skoða möguleikann með barninu ef að framhaldsskóladeild í heimabyggð væri í boði (92,9%).

Næst var upplýsingum safnað saman um tilhögun á og reynslu af rekstri framhaldsskóladeilda frá öðrum sveitarfélögum sem hafa nýtt sér fyrirkomulagið.

Í janúar 2021 var óskað eftir fundum með skólameisturum, annars vegar hjá Fjölbautarskóla Snæfellinga og hins vegar Menntaskóla Borgarfjarðar til að afla frekari upplýsinga um möguleika, fyrirkomulag og útfærslu á framhaldsskóladeildum.

Á 101. fundi fræðslunefndar ræddi nefndin þar sem kom út úr fundum með skólameisturum og lagði áherslu á að mikilvægt væri að kynna ungmönnum valmöguleikann á framhaldsskóladeild í heimabyggð og kanna betur áhuga nemenda á því fyrirkomulagi.

Á 102. fundi fræðslunefndar var ungmennaráð Dalabyggðar boðað til að ræða framhaldsskóladeildina. Í framhaldinu var óskað eftir því að ráðið tæki saman minnisblað þar sem greindir væru kostir og gallar. Minnisblaðinu var skilað 26. apríl og lagt fyrir 103. fund fræðslunefndar þar sem fulltrúi ungmennaráðs fór yfir innihald þess.

Fræðslunefnd leggur til við sveitarstjórn að gengið verði til formlegra viðræðna við Framhaldsskóla Snæfellinga um stofnun og rekstur framhaldsskóladeildar í Dalabyggð.

Fræðslunefnd leggur áherslu á að ungmennaráði sé haldið upplýstu um framgang málsins og vísar því til umfjöllunar á sveitarstjórnarfundi unga fólksins 10. júní.

Samþykkt á 103. fundi fræðslunefndar Dalabyggðar þann 29.04.2021